



BREYTT DEILISKIPULAG Í LANDI LEIFSSTAÐA EYJAFJARÐARSVEIT MKV. 1/2.000

Greinargerð: Breyting á deiliskipulagi í landi Leifsstaða, Eyjafjarðarsveit, Eyjafjarðarsýslu



GILDANDI DEILISKIPULAG



BREYTT DEILISKIPULAG

SKÝRINGAR

- NÚVERANDI MANNVIRKI
- FRISTUNDAHÚS (FSH) / IBÚÐARHÚS (IBH) NR 29
- MENISSTEFNA
- GRÖÐURREITIR
- BILASTEDI
- RAFLÍNA
- HITAVEITULÖGN
- NEYSLUVATNSLÖGN
- RÓTRÓ
- LÖÐARNÚMÉR
- BYGGINGARREITUR
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- GÖNGUSTÍGAR
- VEGIR Á SKIPULAGSSVÆÐI
- SAMEIGINLEG BILASTEDI

Íbúðarhúsalóð	nr. 28	3400 fm
Íbúðarhúsalóð	nr. 29	7520 fm
Íbúðarhúsalóð	nr. 30	2300 fm
Fristundalóð	nr. 28 a	4300 fm
Alls		17,520 fm

Ný lóðaskrá, númer lóða og stærðir í fermetrum

Um er að ræða breytingar á lóðaskipan og vegakerfi á íbúðar- og fristundahússvæði í landi Leifsstaða. Ístað tveggja íbúðarhúsalóða og einnar fristundahúsalóðar gerir breytingin ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum og einni fristundahúsalóð. Aðkomuvegum hefur einnig verið breytt. Þetta svæði er auðkennt með brotinni rauðri línu.

1. Almennt um skipulagssvæðið.

Svæðið er ofan Leifsstaðavegar, samtals rúmlega 1,7 ha að stærð. Stærðir lóðanna eru frá 2300 til 7520 fermetrar.

Hall er nokkur í landi en húsin eiga ekki að þurfa að gnæfa upp fyrir hæðir, þarna er einnig gert ráð fyrir ríkulegum trjágróðri. Aðstæður fyrir byggingar á svæðinu eru allviðunandi.

2. Samgöngur.

Svæðið tengist Leifsstaðaveginum nr. 82, sem síðan tengist Eyjafjarðarbraut eystri á tveimur stöðum. Um er að ræða tvær vegtengingar að svæðinu. Önnur er sameiginleg með vegtengingu upp að Brúnahlíð en hún nýtist ásamt tengingu að deiliskipulögðu svæði í landi Eyjarlands.

3. Gönguleiðir.

Eiginlegar gönguleiðir eru ekki á svæðinu.

4. Mannvirki sem fyrir eru.

Bygging íbúðarhúss er hafin á lóð nr. 29.

5. Fyrirhugaðar framkvæmdir.

Gert er ráð fyrir þremur íbúðarhúsum og einu fristundahúsi á svæðinu.

6. Byggingarskilmálar.

Fristundahúsið verði byggt úr timbri, af stærðinni 35-70 fermetrar, með stökum jarðfestingum, punktsteypt. Þakhalli verði 25- 45 gr. og hámarkshæð frá gólfi verði eigi meiri en 5,1 m. Litaval verði í sem bestu samræmi við umhverfið, þ.e. ídekkur timburlitur. Þak verður nokkru dekkra en útvegir. Staðsetning verði innan byggingarreits og og mannisstefna í samræmi við teikningu. Íbúðarhúsin verði hefðbundin, einlyft.

7. Önnur atriði.

Eignarhald: Lóðir verði í eigu huseignara.

Vatn: Vatnsveita verði sameiginleg fyrir svæðið.

Rótró: Rótróar verða fjórar nema að takist að sameinast um þær.

Rafmagn: Eignendur þurfa að kosta tengingu við rafmagn.

Sorphirða: Sveitarfélagið sér um sorphirðingu.

Gert í Kópavogi, 31. ágúst 2001.

Erindi þetta samanstendur af upprættinu nr. 01 0831 og greinargerð samfylgira teikningu.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 26. gr.

skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 18. sept. 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri



TEKNIstofa BENEDIKTS BJÖRNSSONAR TUNBREKKU 4 - 200 KÓPAVOGUR SMÍ 564 0492 FARSÍMI 896 0492 bbjorn@centrum.is	Dags. 31. ágúst 2001. Telknr. 31 08 Vérknr. 0831 MKV. 1:2.000
--	--